

brotið niður. Hún var áframhald af annari hreyfingu, sem hófst þegar menn á fimtánda öldinni fóru að kynnast aftur hinum fornu grísku bókmentum og listum, sem öldum saman höfðu verið gleymdar. Endurfæðing bókmenta og lista, eins og þessi hreyfing er nefnd, hafði stórkostlega mikil og víðtæk áhrif. Einnig breyttist þekking manna á heiminum mjög mikið við nýja landafundi og vísindalegar uppgötvanir, sem gerðar voru um sama leyti. Siðbótarhreyfingin var endurfæðingarhreyfing innan kyrkjunnar; hún var tilraun nokkurra manna til að vekja aftur það andlega líf, sem lengi hafði legið fjötrað í dróma valdagirni.

Lúther ber í vissum skilningi höfuð og herðar yfir alla aðra frumkvöðla siðbótarinnar. Hann var ákaflega einbeittur maður og lét ekkert hamla sér frá að halda sinni skoðun fram, hvar sem var og hvernig sem á stóð. Hann hugsaði ekkert um sjálfan sig, þegar um það var að ræða, að verja skoðanir sínar, eða sannfæra aðra um að þær væru réttar. Án þessarar einbeittni hefði honum aldrei getað orðið eins mikið ágengt og honum varð. Frjálslyndur var hann, ekki að eins gagnvart kyrkjunni og þeirri guðfræði, sem þá var í gildi, heldur einnig gagnvart öllu, sem menn þá skoðuðu sem óskeikulan sannleika í trúarefnum, eins og siðar mun verða sýnt. En um leið var hann þröngsýnn og oft mjög óumburðarlyndur í garð þeirra, sem voru honum samdóma í aðalatriðunum, en vildu ganga lengra en hann í einstökum atriðum. Hann var ekki sjálfum sér samkvæmur. Það sem dregur athygli flestra meira til hans en annara siðbótarmanna er, að hann stóð ávalt þar sem straumurinn var þyngstur, án þess að guggna eða gefast upp. Staðfesta hans, þrátt fyrir afarmikla erfðleika, yfirgnæfði alla ókosti hans sem leiðtoga og umbótamanns.

Um atvikin, sem leiddu til þess að Lúther hófst handa gegn kaþólsku kyrkjunni, þarf ekki að fjölyrða. Hann reis upp gegn aflausnarsölunni, sem þá var mjög notuð af páfanum til að ná í peninga, bæði til eigin þarfa og til byggingar Péturskyrkjunnar í Róm. En í raun og veru var aflausnarsalan að eins eitt af mörgu, sem Lúther var orðinn andstæður í